

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Starfsáætlun skólaárið 2022-2023



Anna Sigurbjörnsdóttir
Stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts
anna.sigurbjornsdottir@rvkskolar.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Stjórnendaskipti.....	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	3
<i>Nemendafjöldi</i>	<i>3</i>
<i>Dreifing milli hverfa Árbæjar og Breiðholts</i>	<i>4</i>
<i>Dreifing nemenda eftir hljóðfærum</i>	<i>5</i>
<i>Kynjahlutfall.....</i>	<i>5</i>
<i>Kennarar og stjórnendur.....</i>	<i>6</i>
Aðstaða – til kennslu og hljómsveitaræfinga.....	6
<i>Starfshópur vegna heimastöðvar SÁB</i>	<i>7</i>
Kennsluhættir	7
<i>Hljómsveitaæfingar</i>	<i>7</i>
<i>Hljóðfærakennsla.....</i>	<i>8</i>
<i>Fækkun nemenda í Árbæ</i>	<i>9</i>
<i>Tónfræði.....</i>	<i>9</i>
<i>Foreldrasamstarf</i>	<i>9</i>
<i>foreldraviðtöl</i>	<i>10</i>
Helstu viðburðir	10
<i>Áætlaðir viðburðir 2022-2023.....</i>	<i>10</i>
<i>Æfingabúðir</i>	<i>11</i>
<i>Tónleikahald og spilamennskur</i>	<i>13</i>
<i>Utanlandsferðir.....</i>	<i>13</i>
<i>Biðlisti</i>	<i>14</i>
<i>Skóladagatal</i>	<i>14</i>
<i>Áherslur í starfsáætlun sfs sem skólahljómsveitin vinnur að</i>	<i>14</i>

<i>Mat á námsárangri</i>	15
<i>Endurmenntun</i>	15
Lokaorð.....	15
<i>Skóladagatal 2022-2023</i>	17



INNGANGUR

Skrifstofa Skóla- og frístundaráðs óskar eftir starfsáætlunum skólahljómsveita í Reykjavík fyrir skólaárið 2022-2023. Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun starfsins markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf skólahljómsveitarinnar hefur gengið á skólaárinu og hvernig verði unnið að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.


STJÓRNENDASKIPTI

Snorri Heimisson var ráðinn stjórnandi SÁB frá hausti 2013. Í janúar 2022 tók hann við Skólahljómsveit Austurbæjar í afleysingum eftir að Björg Brjánsdóttir lét af störfum þar á miðjum vetri. Á meðan var Snorri í leyfi frá störfum sínum hjá SÁB og Sólveig Moravék leysti hann af. Í vor var stjórnandastarf Skólaus auglýst til umsóknar og tók þá Snorri Heimisson skrefið að fullu og var ráðinn stjórnandi þeirrar sveitar frá hausti 2022. Í framhaldi þess var starf Stjórnanda SÁB auglýst til umsóknar og var Anna Sigurbjörnsdóttir ráðinn til starfsins frá 1. ágúst 2022.

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

NEMENDAFJÖLDI

Heildarfjöldi nemenda hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru 125 frá hausti 2022. Þeir koma úr 9 skólum í Árbæ og Breiðholti auk eins skóla utan hverfis. Einnig stundar einn nemandi sem kominn er í framhaldsskóla nám hjá okkur. Við þessa tölu bætast svo 7 einstaklingar sem mæta eingöngu á hljómsveitaræfingar, þeir eru ýmist komnir í menntaskóla og hættir í einkatímum en vilja spila áfram með hljómsveitinni eða eru í öðrum tónlistarskólum og fá að vera í hljómsveit hjá okkur. Nemendur dreifast niður á skóla eins og myndin sýnir:



DREIFING MILLI HVERFA ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS

Hér er heildarfjöldi nemenda inn í tölfærðina (þ.e.a.s. þeir sem eru eingöngu í hljómsveitinni eru taldir með)


Nemendur dreifast niður á hverfi á eftirfarandi hátt.

Póstnúmer 109, neðra Breiðholt og Seljahverfi: 73

Póstnúmer 110, Árbær og Norðlingaholt: 40


Póstnúmer 111, efra Breiðholt: 20

Önnur hverfi: 1




DREIFING NEMENDA EFTIR HLJÓÐFÆRUM

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts kennir á öll tré- og málmblásturshljóðfæri, slagverk og rafbassa. Hljóðfærin dreifast eins og myndin sýnir:



KYNJAHLUTFALL

Haustið 2022 stunda 59 drengir, 76 stúlkur og 1 kynsegin nám við hljómsveitina.



Kennarar í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru 13 auk stjórnanda. Stjórnandi er með aðstöðu í Breiðholtsskóla en þar er lítil vinnuaðstaða fyrir kennara. Allar samæfingar hljómsveitanna fara nú fram í Speglasal Fellaskóla. Kennt er í 9 skólum í hverfum Árbæjar, Breiðholts og Norðlingaholti.

Aðalstjórnandi stjórnar A-sveitinni en aðstoðarstjórnendur stjórna um þessar mundir bæði B- og C-sveit. Stjórnendur sjá um allt sem kemur að stjórnun hljómsveitanna svo sem verkefnaval, skipulag æfingabúða og æfingadaga, tilfallandi spilamennskur og annað.

AÐSTAÐA – TIL KENNSLU OG HLJÓMSVEITARÆFINGA

Aðstaðan í skólunum er mjög misjöfn, sums staðar til fyrirmyndar en á öðrum stöðum óásættanleg og væri óskandi ef það yrði ráðin bót á þeim málum í allra nánustu framtíð. Þegar starfsemi skólahljómsveita hófst í Reykjavík fyrir röskri hálfri öld var gert ráð fyrir að þeim nýttist almennt húsnæði skólanna fyrir starf sitt. Ekkert skólahúsnæði í Reykjavík er þó hannað með þetta fyrir augum. Taka þarf alvarlega að hljóðvist á vinnustöðum barna og kennara þ.e. í skólum sé þannig að enginn beri skaða af. Ekki má gleyma að þetta er hluti af almennri velferð okkar allra.

Enn er beðið eftir að framkvæmdir við útihús við Árbæjarskóla sem ætluð eru fyrir frístundastarf og tónlistarkennslu komist í gang. Í Árbæjarskóla má áætla að mest vanti upp á til að aðstaða til kennslu sé viðunandi. Þetta er sérstaklega bagalegt þar sem skólinn er safnskóli fyrir Ártúnsskóla og Selásskóla og brottfall er mikið þegar nemendur koma í Árbæjarskóla. Eins og er hefur SÁB aðeins aðgang að einu herbergi í íþróttahúsinu við Árbæjarskóla. Þetta herbergi var hannað sem búningsherbergi og hljóðvistin þar mjög slæm. Eflaust mætti þó bæta úr með því að hengja hljóðeinangrandi plötur eða filt á vegg.

Sumarið 2022 stóð til að ráðast í framkvæmdir á sal Breiðholtsskóla. Þar átti að stækka og gera upp sviðið og gera við skemmdir sem meðal annars hafa orðið vegna leka og þarafleiðandi raka. Ekkert varð þó af þessum framkvæmdum í sumar. Í haust þurfti því að taka þá skyndiákvörðun að flytja allar hljómsveitaræfingar í Fellaskóla með eins dags fyrirvara.

Ekki vannst tími til að undirbúa húsnæðið í Fellaskóla að ráði en ákveðið var að taka þessum flutningum með opnum huga og nota tækifærið til að skoða betur hvort Fellaskóli gæti hentað sem framtíðarhúsnæði fyrir SÁB. Þar sem tónfræðikennsla fer yfirleitt fram í kringum hljómsveitaræfingar var sú kennsla einnig færð í Fellaskóla. Einnig hefur umfang hljóðfærakennslu þar aukist töluvert. Í Fellaskóla hefur SÁB verið

tekið með kostum og kynjum og við höfum mætt mikilli velvild. Þetta hefur mjög mikið að segja við að skapa kennurum okkar gott starfsumhverfi.

STARFSHÓPUR VEGNA HEIMASTÖÐVAR SÁB

Á liðnum árum hefur í nokkur skipti verið ráðist í þarfagreiningu á hvað þyrfti að vera til staðar svo aðstaða heimastöðvar SÁB teljist fullnægjandi. Bæði Snorri Heimisson og Sólveig Morávek hafa t.d. komið að þeirri vinnu. Nú í ágúst 2022 var næsta skref loks tekið í þessum málum þegar skipaður var starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að kanna kosti þess og galla að flytja heimastöð Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts í Fellaskóla til frambúðar. Erindisbréf hópsins var undirritað 31. ágúst 2022 og hafa þegar þetta er ritað verið haldnir nokkrir fundir. Starfshópurinn skipa Helgi Gíslason, skólastjóri Fellaskóla, Anna Sigurbjörnsdóttir, stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, fagstjóri grunnskóladeildar í Breiðholti og Elín Oddný Sigurðardóttir, verkefnastjóri tónlistarmála á Skóla- og frístundasviði. Anna og Elín Oddný heimsóttu m.a. alla grunnskóla á kennslusvæði SÁB og ræddu þar við skólastjórnendur og skoðuðu þá kennsluaðstöðu sem SÁB hefur afnot af á hverjum stað. Í ljós kom að enginn af þessum skólum hafði yfir að ráða jafnmörgum kennslustofum og öðru plássi sem hægt væri að nýta fyrir starfsemi SÁB eins og Fellaskóli. SÁB gæti einnig samnýtt aðstöðu með annarri tónlistartengdri starfsemi og tónlistarskólum og gæti þannig orðið lyftistöng fyrir skólann og vonandi allt starfssvæði SÁB. Svokallaður speglasalur þar sem samæfingar fara nú fram hefur sína kosti og galla, þar er lágt til lofts en mikið pláss og eflaust nauðsynlegt að gera þar úttekt á hljóðvist. Einnig er nægilegt pláss við skólann til að þar megi í framtíðinni byggja við. Möguleikarnir eru því miklir og þó að starfshópurinn hafi ekki enn lokið störfum og ekki skilað endanlegu áliti sínu gengur núverandi stjórnandi SÁB í það starf með mikilli bjartsýni og von um að þessi skref verði SÁB til heilla.

Þess má einnig geta að með flutningi samæfinga í Fellaskóla hefur SÁB í fyrsta skipti haft möguleika á svokallaðri standandi aðstöðu, þ.e. að stólar, statíf og slagverks hljóðfæri fá að standa óhreyfð á milli æfinga. Að þessu er mikill vinnusparnaður þar sem eyða þurfti mörgum klukkustundum á viku í að stilla upp og taka svo allt niður aftur fyrir og eftir hverja æfingu.

KENNSLUHÆTTIR

HLJÓMSVEITAÆFINGAR

Hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru 3 hljómsveitir A-, B- og C-sveit. Skólaárið 2022-2023 var ákveðið að gera tilraun með að hafa hljómsveitaræfingar aðeins einu sinni í viku. Þetta var m.a. gert til að hjálpa nemendum við að aðlagast nýjum æfingastað

með því að fækka ferðum þeirra á milli hverfa en einnig með þá von að nemendur og foreldrar/forráðamenn geri þá allt sem í þeirra valdi stendur til að nemendur mæti á allar æfingar. Algengt er að þegar tvær æfingar eru í viku að þá biðji nemendur um leyfi til að mæta bara á aðra æfinguna vegna anna t.d. við íþróttaæfingar. Þá getur farið svo að einungis sé hálf sveitin á hverri æfingu og að það hafi lítið um framfarir í samspili að segja þó æfingar séu tvær. Reynslan af þessu skólaári mun segja til um hvort þessi háttur verður hafður á áfram.

Í A-sveitinni eru að jafnaði nemendur úr 3.-5. bekk og í B-sveit eru að jafnaði nemendur úr 5.-7. bekk. Undantekningar eru þó á öllu sem fer t.d. mikið eftir því hvað börnin eru gömul þegar þau hefja nám. Til þess að komast inn í C-sveit er æskilegt að nemendur hafi þreytt samræmt grunnpróf á vegum prófanefndar tónlistarskólanna og að þau séu komin í 8. bekk. A- og B-sveitir æfa nú í 60 mínútur í senn en C-sveitin æfir í 90 mínútur á viku.



ÆFINGATÍMAR

A-sveit

- Mánudaga kl. 16:00-17:00

B-sveit

- Miðvikudaga kl. 16:00-17:00

C-sveit

- Mánudaga kl. 17:15-18:45

TÓNFRÆÐI

GRUNNNÁM I Miðv. 15:00-16:00

GRUNNNÁM II Miðv. 17:00-18:00

MIDNÁM I Mánd. kl. 16:00-17:00

MIDNÁM II Fímd. kl. 16:-17:10

HLJÓÐFÆRAKENNSLA

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts fá nemendur 50 mínútur í einkakennslu á viku meðan þeir eru í A-sveit, en nemendur í B- og C-sveit fá 60 mínútur. Nemendur eru venjulega í A-sveit fyrstu tvö árin. Í einkakennslu er kennt skv. námskrá tónlistarskóla og skv. námsmarkmiðum skólahljómsveita í Reykjavík. Nemendur taka ýmist árspróf á vorin eða áfangapróf á vegum prófanefndar tónlistarskólanna. Nemendur taka venjulega grunnpróf á vegum prófanefndar í lok 7. bekkjar og færast upp í C-sveit þegar þeir hefja nám í 8. bekk.

Kennsluhættir á hljómsveitaæfingum eru bæði hefðbundnir og óhefðbundnir. Nemendur spila eftir nótum en einnig er unnið með söng og klapp. Í æfingabúðum er markmiðið að vinna einnig á skapandi hátt auk hópeflis þar sem tíminn í æfingabúðum leyfir meira svigrúm.

Undanfarna vetur hafa verið gerðar tilraunir hjá SÁB með svokallaða mengjakennslu. Þessi gerð kennslu hefur hentað vel þar sem húsnæði er mjög rúmt og hægt að fá nokkra nemendur sem spila á sama hljóðfæri og eru á sama aldri og getustigi til að koma saman í tíma. Málin flækjast ögn þegar nemendur eldast og getur þá verið erfitt að finna hentuga tíma sem rekast ekki á frístundir. Haustið 2022 var enginn kennari við SÁB sem hafði tækifæri til þess að kenna með þessu fyrirkomulagi og hefur því orðið hlé á. Mikilvægt er þó að halda áfram að sýna sveigjanleika og við vonumst til að þeir kennarar sem vilja geti haft tækifæri til að taka þetta upp aftur sérstaklega ef að SÁB fær aðgang að hentugu húsnæði fyrir slíka kennslu.

FÆKKUN NEMENDA Í ÁRBÆ

Eftir að átak var gert í tónlistarkennslu í Fellaskóla fjölgaði nemendum þar mikið og eru nú 21. Aðeins 4 nemendur koma úr Hólabrekkuskóla en búast má við að þar muni nemendum fjölga ef að SÁB flytur heimastöð sína í Fellaskóla sem er í næsta nágrenni. Hins vegar hefur nemendum fækkað aðeins í Árbæjarhverfi sem er visst áhyggjuefni. Nú í vetur eru aðeins 18 nemendur samtals sem koma úr þremur grunnskólum í Árbæjarhverfi. Hér þarf vissulega að bæta úr en það mun verða erfitt fyrr en eftir að byggingu útihúsa verður lokið á lóð Árbæjarskóla.

TÓNFRÆÐI

SÁB hóf kennslu í tónfræði haustið 2016. Smám saman hefur verið aukið við tónfræðikennslu og frá hausti 2020 eru fjórir áfangar kenndir; grunnnám 1, grunnnám 2, miðnám 1 og miðnám 2. Nemendur úr 6. bekk eru venjulega í grunnnámi 1 og nemendur úr 7. bekk í grunnnámi 2. Þetta gerir það að verkum að allir nemendur geti tekið fullgilt grunnpróf á hljóðfærið sitt skv. námskrá tónlistarskólanna. Hugmyndin er að nemendur hafi lokið grunnnámi í tónfræði áður en þeir koma í C-sveit. Ákvörðun um aukið framboð í tónfræðikennslu var m.a. tekin eftir að þau boð bárust frá MÍT (menntaskóla í tónlist) að nemendur sem kæmu frá skólahljómsveitum stæðu ekki nægilega vel að velli í tónfræðigreinum. Umfang tónfræðikennslunnar er orðið það mikið að tveir kennarar deila kennslunni með sér.

FORELDRASAMSTARF

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts er starfandi foreldrafélag sem er ómissandi og mjög veigamikill þáttur í starfinu. Hlutverk foreldrafélagsins er m.a. að hjálpa til við að skipuleggja búningamál hljómsveitanna og að fjármagna félagslega hluta starfsins og tónleikaferðir innanlands sem utan. Á tímum Covid-farsóttarinnar lá þetta starf að miklu leyti í dvala eins og svo margt annað en við sjáum fram á bjartari tíma nú og stefnum hátt.

FORELDRAVIÐTÖL

Hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts viljum við að öllum líði vel. Að allir fái nám sem hæfir getu og þroska og við viljum efla nemendur að sjálfstæði og sjálfstrausti, félagslega og í tónlistinni. Öflugt samstarf við foreldra er gríðarlega mikilvægt til að þessi markmið náist. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á önn. Snemma á haustönninni eru haldin einkaviðtöl þar sem foreldrar eru boðaðir í viðtöl hjá hljóðfærakennara. Þessi viðtöl fara fram utan kennslutíma og ekki er ætlast til þess að nemendur séu með á þessum fundum. Það auðveldar okkur að leiðbeina foreldrum og að ræða um hverju má breyta og hvað bæta til þess að barninu líði sem best. - Á vorönninni er haldin foreldravika þar sem foreldrar eru hvattir til þess að koma í heimsókn í tíma með barni sínu. Foreldrar eru ávallt velkomnir á æfingar og í einkatíma. Tónlistarnám er að miklu leyti sjálfsnám og því mikilvægt að nemendur æfi sig heima á hljóðfærið. Þegar kemur að heimaæfingum er hvatning foreldra afar mikilvæg.

HELSTU VIÐBURÐIR

ÁÆTLAÐIR VIÐBURÐIR 2022-2023

Haustönn 2022 hefur farið vel af stað! C-sveitin hefur haft í nógu að snúast og hefur nú þegar spilað á hverfishátíð hjá Fylki í ágúst, farið á landsmót C-sveita á Akureyri 7.-9. okt. leikið í messu í Árbæjarkirkju þann 30 okt. og við hátíðlega stund í Mjóddinni þann 21. nóv. þar sem haldið var upp á vígslu 300. rampsins í áttakinu Römpum upp Reykjavík. B- og C-sveitir tóku svo þátt í tónleikunum Óskalög þjóðarinnar með brassívafi sem fram fóru í Norðurljóssal Hörpu þann 19. nóvember. Allar sveitirnar munu svo koma fram á hausttónleikum sem haldnir verða í Fella- og Hólakirkju þann 30. nóv.

Allar hljómsveitir hafa haldið sína sérstöku æfingadaga í Fellaskóla þar sem blandað er saman raddæfingum, samæfingum, leikjum og þrautum. Hópurinn borðar saman og eflist félagslega.

Nú þegar þetta er ritað hefur SÁB haldið nemendatónleika í Bókasafni Árbæjar, í Bókasafninu í Gerðubergi, Fellaskóla og Holtinu í Norðlingaskóla. Fjöldi annarra tónfunda eru einnig áætlaðir í desember og verður þá einnig farið út um borg og bí og spilað víða.

Á vorönninni munum við halda áfram að halda nemendatónfundi sem víðast. Vortónleikar eru áætlaðir þann 18. mars en geta þeir þó færst til þar sem ekki hefur tekist að fá staðfest hvar þeir verða haldnir.


Síðasta vika marsmánaðar er prófavika. Þá munu allir nemendur skólans þreyta sín próf, hvort sem þau eru vorpróf eða áfangapróf.

Fyrstu vikuna í maí er áætlað að hljómsveitirnar heimsæki grunnskóla svæðisins og séu með skólakynningar. Í framhaldi af því taka við þemavikur. Þar munum við hafa hópakennslu, kennarar para sig saman og kenna samspil fyrir alla nemendur og svo höldum við samspilstónleika í lok maí.

Uppskeruhátið skólahljómsveita Reykjavíkurborgar er áætluð að þann 1. júní í Húsdýragarðinum. Þetta er orðið að hefð hjá skólahljómsveitundum undanfarin ár og hefur tekist svo vel til að krakkarnir bíða eftir þessum degi með eftirvæntingu.

ÆFINGABÚÐIR

Áætlað er að B- og C-sveit fara í æfingabúðir eftir áramót. Oftast er farið í æfingabúðir í janúar-mars til þess að æfa fyrir vortónleika sem venjulega eru haldnir í mars. Æfingabúðir eru venjulega mikið tilhlökkunarefni hjá nemendum hljómsveitarinnar. Þá er farið út á land og gist í eina til tvær nætur oft í heimavistaskólum úti á landi. Við höfum m.a. haldið æfingabúðir í Þykkvabæ, Laugalandi í Holtum, Hlíðardalsskóla, grunnskólanum í Þorlákshöfn, grunnskólum í Reykjavík og Varmalandi í Borgarfirði.



TÓNLEIKAHALD OG SPILAMENNSKUR

Tónleikahald og sýnileiki Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts er mjög mikill. Í lok hverrar annar eru haldnir stórir tónleikar þar sem allar hljómsveitir koma fram. Venjan hefur verið að reyna halda aðra tónleikana í Breiðholtinu og hina í Árbænum. Tónleikar hafa verið haldnir í Fella- og Hóla­kirkju, Seljakirkju, Árbæjarkirkju og Breiðholt­skirkju. Nú erum við að skoða möguleikana á að vera sem oftast í Hörpu með tónleika, þetta er tónlistarhús Íslendinga og auðvitað ættu ungir og uppnennandi tónlistarmenn að fá tækifæri til að spila þar. Harpa er samt mjög ásetin og getur verið erfitt að fá þar staðfesta tónleikadaga.

Auk vor- og hausttónleika koma hljómsveitirnar oft fram við hin ýmsu tækifæri. Það má nefna að hljómsveitin hefur verið fastagestur á jólahátíð fatlaðra sem haldin hefur verið ár hvert á Hilton hóteli í desember. Hljómsveitin hefur frá upphafi tekið þátt í „Óskalögum þjóðarinnar“ sem haldin er að hausti ár hvert í Hörpu á vegum SÍSL. Auk þess hefur hljómsveitin spilað um jól í Mjóddinni, þegar ljósin eru tendruð á jólatréi í Árbænum, á jólaföndri í Breiðholtsskóla, á vorhátíðum skólanna í hverfinu, á leikskólahátíðum, messum í Árbæjarkirkju og svo má lengi telja. Hljómsveitin sendir venjulega atriði á Nótuna sem haldin er að vori og er uppskeruhátíð tónlistarskóla á öllu landinu. Að auki spila allir nemendur á tónfundi a.m.k einu sinni á önn. Þar spila nemendur einir á sitt hljóðfæri oftast við undirleik kennara síns.



UTANLANDSFERÐIR

Elsta sveit SÁB reynir að fara í heimsókn út fyrir landsteinana annað hvert ár. Sumarið 2016 tóku þau þátt í tónlistarhátíð í Calella á Spáni. Í júní 2018 var ferðinni heitið á tónlistarhátíð í Gautaborg. Í júní 2020 var fyrirhugað að fara aftur til Calella og taka þátt í tónlistarhátíð sem haldin er þar ár hvert. Fresta þurfti ferðinni vegna Covid faraldursins. Nú virðist það loks vera í auglýsni að C-sveitin komist í utanlandsferð og er stefnt að því að halda til Calella í júní 2023 og undirbúningur hefur hafist. Börnin safna sér venjulega

fyrir ferðinni með sölu á ýmsum varningi sem foreldrafélagið skipuleggur. Auk þess nýta þau ágóða úr spilamennskum til þess að styrkja slíkar ferðir.

BIÐLISTI

Það eru um 20 börn á biðlista eftir plássi hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Sá listi samanstendur af börnum úr öllum skólum hverfisins. Óskandi væri að öll börn sem vildu læra í SÁB kæmust að. Námið er aðgengilegt, ódýrt og mjög félagslega uppbyggjandi þar sem félagsfærniþátturinn í starfi skólahljómsveita er mjög mikill.

SKÓLADAGATAL

SÁB starfar í 35 vikur á ári. Starfið hefst í lok ágúst og lýkur í lok maí. Starfsdagar eru 8 á skólaárinu. Þrír áður en kennsla hefst og fimm eftir kennslu. Sjá skóladagatal 2022-2023 aftast í þessari skýrslu.

ÁHERSLUR Í STARFSÁÆTLUN SFS SEM SKÓLAHLJÓMSVEITIN VINNUR AÐ

Áhersla verður áfram á að tilboð skólahljómsveitarinnar standi öllum til boða. Lögð er áhersla á að kynna tilboðið vel með skólaheimsóknum. Allir eru velkomnir og allir geta verið í náminu á sínum forsendum. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tónlistarmenntun í samvinnu við grunnskóla og frístundastarf, fjölskyldur og nærsamfélag.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leggur sig fram við að vera framsækin, sýnileg, lifandi og nýjungagjörn stofnun sem laðar að sér mjög hæfa starfsmenn og nýja nemendur.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Allir nemendur þreyta próf á vorin. Venjan er að nemendur taki svokölluð árspróf sem eru próf innan skólans skv. námskrá sem gerð er af kennurum og stjórnanda SÁB. Nú eru skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar að vinna í að samræma innri námsmarkmið skólahljómsveita og hefur verið lokið við að skilgreina fjögur námsþrep og eru þau aðgengileg á netinu. Eftir nám í 3-4 ár tekur nemandi grunnpróf skv. námskrá tónlistarskólanna. Þá kemur dómari frá Prófanevnd tónlistarskólanna og dæmir prófin. Enginn áfangaprófsdagur er á haustönn en búist við að allnokkrir nemendur þreyti slík próf í vor flestir úr 7. bekk. Nemendur skólahljómsveitarinnar hafa komið mjög vel út á áfangaprófum.

ENDURMENNTUN

Stefna skólahljómsveitarinnar er að stuðla að stöðugri endurmenntun starfsmanna sinna. Á starfsdögum að hausti er haldinn sameiginlegur starfsdagur kennara skólahljómsveita Reykjavíkurborgar sem stjórnendur hljómsveitanna skipuleggja. Þar er venjan að bjóða upp á námskeið í tölvunotkun, spuna, kennslu barna með sérþarfir, skyndihjálpar og annað gagnlegt. Kennarar hafa farið reglulega til útlanda í endurmenntunarferðir til að kynna sér tónlistarkennslu og kennsluhætti í öðrum löndum. Ekki var unnt að skipuleggja slíkar ferðir á tímum Covid en nú er búið að staðfesta að kennarar frá Skólahljómsveitum Reykjavíkur munu fara í námsferð til Grikklands í lok febrúar 2023. Nú þegar eru komin drög að mjög metnaðarfullri dagskrá.

LOKAORÐ

Það er gefandi að starfa sem stjórnandi skólahljómsveitar í Reykjavík. Starfið hefur þróast á mjög jákvæðan hátt undanfarin ár. Kvóti hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og er nú 130 klst. á viku. En betur má ef duga skal og tel ég að bæta þurfi töluvert við kvótann ef okkur á að takast að jafna tækifæri allra til tónlistarnáms. Aðstaða í húsnæði borgarinnar hefur víða lagast en á þó langt í land til þess að verða fullnægjandi. Það verður þó spennandi að sjá hvað gerist í þessum málum á allra næstu mánuðum. Við höfum tækifæri til að taka stór skref og gjörbreyta aðstöðu SÁB og er það von mín að okkur beri gæfu til þess að svo verði.

Hljómsveitirnar fjórar vinna mikið saman og stjórnendurnir fjórir sækja reglulega aðstoð til hvers annars. Þeir deila nótum og lána hljóðfæri sín á milli ef þörf er á. Það er samt erfitt að koma inn í þetta umhverfi sem nýr stjórnandi eins og ég gerði sjálf á þessu starfsári. Það vantar mikið upp á að borgin sé tilbúin að aðstoða og veita allar upplýsingar sem þarf við að koma nýjum einstaklingi inn í starfið. Allir stjórnendur eiga í raun nóg með sitt án þess að nýr aðili þurfi að reiða sig alfarið á þá líka til að kenna sér á

tölvukerfi og hvernig tímafrek tölvuvinnsla fer fram. Þarna gæti borgin mögulega gert betur.

Það er einstakt að geta haldið uppi svo öflugu lúðrasveitastarfi í ekki stærri borg en Reykjavík. Það eru ca. 520 börn að læra að spila á blásturshljóðfæri hjá Reykjavíkurborg sem öll spila í sinni lúðrasveit. Því miður má víða sjá hnignun á sambærilegu starfi í nágrannalöndum okkar. Það er heldur ekki sjálfgefið að það sama gerist ekki hér. Stjórnendur og kennarar sem starfa hjá skólahljómsveitum eru eldhugar sem lifa fyrir sitt starf. Það þarf að passa að hlúa áfram að starfinu svo það haldi áfram að dafna. Sú hugmynd að nemendur komi saman úr mörgum skólum og spili á hljóðfæri saman er afar falleg. Þetta gerir það að verkum að barn sem er undir í sínum skóla finnur ekki fyrir einelti í skólahljómsveit því þar eru allir að vinna að sameiginlegu markmiði, að skapa tónlist.

SKÓLADAGATAL 2022-2023

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

SAB

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 M Þriðjudagur vinnudagur	1 F	1 L	1 Þ	1 F Þriðjudagurinn	1 S Miðjudagur	1 M Þriðjudagur	1 M	1 L	1 M Þriðjudagurinn	1 F Þriðjudagurinn
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F Þriðjudagur	2 F	2 S Þriðjudagur	2 Þ Þriðjudagur	2 F
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ Þriðjudagur	3 F Þriðjudagur	3 F	3 M	3 M Þriðjudagur	3 L
4 F	4 Þ	4 M	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 L	4 F Þriðjudagur	4 S Þriðjudagurinn
5 F	5 M	5 M	5 L Þriðjudagur	5 M	5 F	5 S	5 S	5 S	5 F Þriðjudagur	5 M
6 L	6 Þ Þriðjudagur	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þriðjudagur	6 M	6 M	6 F Þriðjudagur	6 L	6 Þ
7 S	7 M	7 F Þriðjudagur	7 M	7 M	7 L	7 Þ Þriðjudagur	7 Þ Þriðjudagur	7 F Þriðjudagur	7 S	7 M Þriðjudagur
8 M	8 F Þriðjudagur	8 L Þriðjudagur	8 Þ	8 F Þriðjudagur	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M Þriðjudagur	8 F
9 Þ	9 F Þriðjudagur	9 S	9 M	9 F Þriðjudagur	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ Þriðjudagur	9 F
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M Þriðjudagur	10 L
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F Þriðjudagur	11 S
12 F	12 M	12 M	12 L Þriðjudagur	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F Þriðjudagur	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ
14 S	14 M	14 F Þriðjudagur	14 M	14 M	14 L	14 Þ Þriðjudagur	14 Þ	14 F	14 S	14 M
15 M	15 F	15 L	15 Þ Þriðjudagur	15 S	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 Þ	16 F Þriðjudagur	16 S	16 M	16 F Þriðjudagur	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F Þriðjudagur	17 F Þriðjudagur	17 M	17 M Þriðjudagur	17 L
18 F	18 S	18 Þ Þriðjudagur	18 F Þriðjudagur	18 S	18 M	18 L Þriðjudagur	18 L Þriðjudagur	18 Þ	18 F Þriðjudagur	18 S
19 F Þriðjudagur	19 M	19 M	19 L Þriðjudagur	19 M	19 F	19 S Þriðjudagur	19 S	19 M	19 F Þriðjudagur	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F Þriðjudagur	20 M	20 M	20 F Þriðjudagur	20 L	20 Þ
21 S	21 M	21 F Þriðjudagur	21 M	21 M	21 L	21 Þ Þriðjudagur	21 Þ Þriðjudagur	21 F Þriðjudagur	21 S	21 M
22 M Þriðjudagur	22 F	22 L Þriðjudagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Þriðjudagur	22 M	22 F	22 M Þriðjudagur	22 F
23 Þ Þriðjudagur	23 F	23 S	23 M	23 F Þriðjudagur	23 M	23 L	23 F	23 S	23 Þ	23 F
24 M Þriðjudagur	24 L	24 M	24 F	24 L Þriðjudagur	24 Þ	24 F Þriðjudagur	24 F	24 M	24 M Þriðjudagur	24 L
25 F	25 S	25 Þ Þriðjudagur	25 F Þriðjudagur	25 S	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Þriðjudagur	25 S
26 F	26 M Þriðjudagur	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F Þriðjudagur	26 M
27 L	27 Þ Þriðjudagur	27 F Þriðjudagur	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L Þriðjudagur	27 Þ
28 S	28 M Þriðjudagur	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S Þriðjudagur	28 M
29 M	29 F Þriðjudagur	29 L Þriðjudagur	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Þriðjudagur	29 F
30 Þ Þriðjudagur	30 F Þriðjudagur	30 S	30 M Þriðjudagur	30 F	30 M	30 L	30 F	30 S	30 Þ Þriðjudagur	30 F
31 M		31 M		31 L Þriðjudagur	31 Þ Þriðjudagur				31 M Þriðjudagur	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 175 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru þrír og skulu ákveðnir af skólafjöra í samráði við kennara og með hljóðn af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Kennari

S

21

18

22

14

21

17

23

13

18